

**From:** Ragnildur Sveinbjarnardóttir  
**Sent:** Fri, 15 Mar 2024 11:15:52 +0000  
**To:** Markaðsstofa Suðurlands  
**Cc:** Vala Hauksdóttir; Davíð Ernir Kolbeins; Nejra Mesetovic  
**Subject:** Framboð til stjórnar og aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 2024

Ágætu samstarfsaðilar

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands fer fram **föstudaginn 19. apríl nk. á Hótel Selfossi.**

Eftir venjuleg aðalfundarstörf og málþing förum við í gönguferð um nærsvæðið og njótum svo samverunnar á árhátíð um kvöldið. [Nánari upplýsingar um dagskrá dagsins má finna hér.](#) Samkvæmt samþykktum Markaðsstofunnar mun aðalfundur, skipaður fulltrúum samstarfsfyrirtækja stofunnar, kjósa 2 fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar fyrir komandi starfsár og sitja þar fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands.

**Við auglýsum því hér með eftir framboðum til stjórnar Markaðsstofunnar fyrir starfsárið 2024/2025.**

Framboðsfrestur rennur út viku fyrir aðalfund, eða föstudaginn 12. apríl nk.

**Núverandi fulltrúar Ferðamálasamtaka Suðurlands í stjórn:**

**Aðalmenn:**

Geir Gígja

Guðmundur Fannar Vigfússon

**Varamenn:**

Dóróthea Ármann

Erla Þórdís Traustadóttir

Guðmundur Fannar Vigfússon frá Laugarvatn Fontana gefur áfram kost á sér en Geir Gígja hefur óskað eftir að ganga úr stjórn að sinni og Erla einnig sem varamaður.

Við hvetjum fulltrúa ferðaþjónustunnar á Suðurlandi að gefa kost á sér til stjórnarstarfa og hafa þannig áhrif á þróun og kynningu á áfangastaðnum okkar.

Tekið skal fram að stjórnarseta er greidd.

Til að senda inn framboð eða fá nánari upplýsingar endilega hafið samband við mig

- [ragnildur@south.is](mailto:ragnildur@south.is) eða í síma 560-2050

**Með bestu kveðju | Best regards**

**Ragnildur Sveinbjarnardóttir**

Framkvæmdastjóri | Managing Director

Markaðsstofa Suðurlands | Visit South Iceland

Fjölheimar, Tryggvagata 13, 800 Selfoss

+354 560 2050 | [ragnildur@south.is](mailto:ragnildur@south.is)

[www.south.is](http://www.south.is)



**Markaðsstofa  
Suðurlands**  
Visit South Iceland

